

Ríkiskaup
09 905

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	3
Yfirlit um afkomu ársins	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Ríkiskaup
kt. 660169-4749
Borgartúni 7c

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkiskaup eru miðlæg innkaupastofnun á vegum ríkisins sem skulu með gagnsæjum og hagkvæmum hætti annast innkaup fyrir ríkisstofnanir, rannsaka sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu, beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum til þarfa ríkisins og stuðla að þróun skilvirkra innkaupakerfa. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1966,5 milljónir og afkoma kr. -8,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -9,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 208,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkiskaupa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkiskaupa fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 20/4 2020

Staður, dags.

Samuel D. Björnsson

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	125.500.000	103.300.000
Seld þjónusta	3	218.824.896	185.269.368
Vörusala	4	1.621.710.673	1.549.804.175
Framlög og ýmsar tekjur	5	490.023	466.858
Tekjur samtals		1.966.525.592	1.838.840.401
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	294.647.990	265.204.389
Annar rekstrarkostnaður	7	1.675.132.502	1.593.551.909
Afskriftir	8	7.101.628	4.689.721
Gjöld samtals		1.976.882.120	1.863.446.019
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(10.356.528)	(24.605.618)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		3.916.164	3.723.749
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(1.690.665)	(3.270.131)
		2.225.499	453.618
Afkoma ársins		(8.131.029)	(24.152.000)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	10	10.255.062	5.404.806
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		8.761.377	9.185.409
Fastafjármunir samtals		<u>19.016.439</u>	<u>14.590.215</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		59.088.954	68.551.599
Tengdir aðilar	12	42.180.513	102.005.005
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		4.130.536	30.000
Handbært fé		84.434.629	100.504.551
Veltufjármunir samtals		<u>189.834.632</u>	<u>271.091.155</u>
Eignir samtals		<u>208.851.071</u>	<u>285.681.370</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		(9.459.152)	(1.328.123)
Eigið fé samtals		<u>(9.459.152)</u>	<u>(1.328.123)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	118.559.555	126.138.896
Viðskiptaskuldir		68.971.320	132.949.729
Ýmsar skammtímaskuldir	14	30.779.348	27.920.868
Skuldir samtals		<u>218.310.223</u>	<u>287.009.493</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>208.851.071</u>	<u>285.681.370</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(8.131.029)	(24.152.000)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	<u>7.101.628</u>	<u>4.689.721</u>
		(1.029.401)	(19.462.279)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		5.362.109	(7.354.357)
Tengdir aðilar		52.245.151	97.356.717
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(61.119.929)</u>	<u>(47.283.950)</u>
		(3.512.669)	42.718.410
		<u>(4.542.070)</u>	<u>23.256.131</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(7.419.862)	(5.844.474)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	<u>(4.107.990)</u>	<u>(2.154.177)</u>
		(11.527.852)	(7.998.651)
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(16.069.922)	15.257.480
		100.504.551	85.247.071
		<u>84.434.629</u>	<u>100.504.551</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánnum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	125.500.000	103.300.000
	<u>125.500.000</u>	<u>103.300.000</u>

Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og staða þeirra í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	111.600.000	0	0	111.600.000
Fjáraukalög	13.900.000	0	0	13.900.000
Fjárveiting til tekna	125.500.000	0	0	125.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(133.631.029)	0	0	(133.631.029)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.131.029)	0	0	(8.131.029)

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	127.613.249	108.401.536
Umboðs- og sölulaun	82.103.281	68.543.417
Verksala	174.110	49.840
Ýmsar þjónustutekjur	7.709.756	7.644.575
Fræðslustarfsemi og fundir	1.224.500	630.000
	<u>218.824.896</u>	<u>185.269.368</u>

4 Vörusala

Vörusala II	136.220	298.438
Vörusala, umboðs- og endursala	1.621.574.453	1.549.505.737
	<u>1.621.710.673</u>	<u>1.549.804.175</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur

Ýmsar tekjur	490.023	466.858
	<u>490.023</u>	<u>466.858</u>

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	233.305.454	213.355.399
Orlof, breyting	1.958.887	(894.172)
Launatengd gjöld	54.218.567	50.156.976
Starfsmannakostnaður	5.165.082	2.586.186
	<u>294.647.990</u>	<u>265.204.389</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	24,5	23,2

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	613.140	451.016
Ýmis tæki og áhöld	469.837	497.204
Varahlutir og viðhaldsvörur	7.355	63.709
Orkugjafar	743.807	735.484
Matvæli	4.135.791	4.332.440
Almennar rekstrarvörur	1.245.139	445.575
Vörukaup, almenn	7.215.069	6.525.428
Fundir, námskeið, risna	3.361.589	3.414.270
Ferðir, uppihald	2.957.865	2.651.833
Akstur	724.903	555.083
Sérfræðipjónusta	23.404.805	12.787.872
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	297.403	272.775
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.682.278	8.263.035
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	10.057.874	10.336.102
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	47.486.717	38.280.970
Samningsbundin kaup og leiga	0	150.000
Afnotagjöld	19.092.339	11.757.549
Leigugjöld	21.584.276	8.838.481
Notkun véla og flutningatækja	186.128	224.113
Verkkaup	3.531.790	3.793.740
Kostnaðarhlutdeild	2.771.519	2.076.807
Tryggingar, lögboðnar	535.283	200.285
Opinber gjöld	414.813	640.029
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	48.116.148	27.681.004
Vörukaup I	2.198	5.053
Vörukaup, umboðs- og endursala	1.572.312.370	1.521.059.454
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.675.132.502	1.593.551.909
8 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	4.491.253	4.250.053
Lækninga- og rannsóknartæki	17.408	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	2.592.967	439.668
	7.101.628	4.689.721
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	0	46.970
Gengistap, endurmat	1.690.665	3.223.161
	1.690.665	3.270.131

Skýringar

10 Óefnislegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	10.255.062	5.404.806
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		5.844.474
Viðbót á árinu		7.419.862
Selt/niðurfært á árinu		42.043
		<u>13.306.379</u>
Niðurfært 1.1.2019		439.668
Niðurfærsla ársins		<u>2.611.649</u>
Staða 31.12.2019		<u>10.255.062</u>

	31.12.2019	31.12.2018
11 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	8.761.377	9.185.409
	<u>8.761.377</u>	<u>9.185.409</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2019	23.956.823	23.956.823
Viðbætur á árinu	4.107.990	4.107.990
Selt/niðurfært á árinu	(1.147.286)	(1.147.286)
	<u>26.917.527</u>	<u>26.917.527</u>
Afskriftir 1.1.2019	14.771.414	14.771.414
Selt/niðurfært á árinu	(18.682)	(18.682)
Afskrift ársins	<u>3.403.418</u>	<u>3.403.418</u>
	<u>18.156.150</u>	<u>18.156.150</u>
Staða 31.12.2019	<u>8.761.377</u>	<u>8.761.377</u>

12 Tengdir aðilar

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	42.180.513	76.002.950
Áætluð leiðrétting vegna fjárveltinga	0	26.002.055
	<u>42.180.513</u>	<u>102.005.005</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	87.661.724	49.921.243
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	<u>30.897.831</u>	<u>76.217.653</u>
	<u>118.559.555</u>	<u>126.138.896</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
13 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1	(1.328.123)	22.823.877
Afkoma ársins	(8.131.029)	(24.152.000)
Jöfnuður 31.12	(9.459.152)	(1.328.123)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	26.993.065	25.034.178
Ógreidd laun	768.093	0
Önnur ógreidd gjöld	125.482	0
Skattar	2.892.708	2.886.690
	<u>30.779.348</u>	<u>27.920.868</u>

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 21,5 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 1 milljón, er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við